

## Útgjöld til fræðslumála á Íslandi 1998–2010

*Expenditure on education in Iceland 1998–2010*

*Samantekt* Árið 2010 námu heildarútgjöld til fræðslumála 128,2 milljörðum króna eða 8,3% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 116,7 milljarðar króna, 91,0% af útgjöldunum, og hlutur einkaaðila 11,5 milljarðar eða 9,0% útgjaldanna. Af heildarútgjöldum hins opinbera árið 2010 runnu 15,7% til fræðslumála. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa heildarútgjöld til fræðslumála hækkað úr 7,1% af landsframleiðslu 1998 í 8,3% árið 2010.

Af samanlögðum útgjöldum hins opinbera og einkageirans til fræðslumála árið 2010 runnu 11,5% til fræðsluhluta leikskóla, 42,7% til grunnskóla, 17,3% til framhaldsskóla, 20,9% til háskóla og 7,6% til stjórnsýslu menntamála og þátta sem ekki tilheyra ákveðnu skólastigi.

Af útgjöldum hins opinbera til fræðslumála árið 2010 runnu 9,6% til leikskóla, 46,4% til grunnskóla, 17,1% til framhaldsskóla, 21,5% til háskóla og 5,5% voru útgjöld sem tilheyra ekki ákveðnu skólastigi.

Af útgjöldum einkageirans til fræðslumála árið 2010 runnu um 31,3% til leikskóla, 5,2% til grunnskóla, 19,7% til framhaldsskóla, 14,6% til háskóla og 29,2% til annarra fræðslumála, óflokkuð á skólastig.

Heildarútgjöld til fræðslumála í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) voru að meðaltali 5,9% af landsframleiðslu ríkjanna árið 2008. Mikill munur er á hlutfallinu milli einstakra ríkja. Hlutfallið var hæst á Íslandi, 7,9% af landsframleiðslu, en lægst var það í Slóvakíu, 4,0%. Í G20-ríkjum var þetta hlutfall lægst í Indónesíu og Kína, 3,3%.

### Inngangur

*Í ritinu er m.a. gerð grein fyrir útgjöldum til fræðslumála árin 1998–2010 samkvæmt alþjóðlegum stöðlum*

Í þessu riti er gefið yfirlit um útgjöld til fræðslumála hér á landi síðustu árin. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir útgjaldabróun málaflokksins frá 1980 í fjárhæðum, hlutfallstölum og í vexti að raungildi. Í öðrum kafla er vikið að meginflokkum útgjalda til fræðslumála á tímabilinu 1998–2010 og í þriðja kafla er farið yfir útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks á sama tímabili. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir útgjöldum einkaaðila til fræðslumála og í þeim fimmta er fjallað sérstaklega um kostnað á nemanda á tímabilinu. Þá er gerð grein fyrir útgjöldum til fræðslumála samkvæmt alþjóðlegum stöðlum í sjötta kafla. Loks er í sjöunda kafla fjallað um samanburð á útgjöldum til fræðslumála milli Íslands og annarra OECD-ríkja. Í lok ritsins er töfluviðauki um útgjöld til fræðslumála.




## 1. Þróun fræðsluútgjalda 1980–2010

Á þremur áratugum hafa útgjöld til fræðslumála vaxið úr 4,6% af landsframleiðslu í 8,3%

Heildarútgjöld til fræðslumála hafa vaxið verulega síðustu þrjú áratugi eða úr 4,6% af landsframleiðslu í upphafi níunda áratugarins í 8,3% af landsframleiðslu á árinu 2010. Á verðlagi ársins 2010 nemur vöxturinn 80,3 milljörðum króna (sjá töflu 18 í töfluviðauka, bls. 24). Á þennan mælikvarða reyndust útgjöldin hæst árið 2009 eða 8,6% af landsframleiðslu. Árin 2002–2003 er þetta hlutfall næsthæst þegar það nam 8,4% af landsframleiðslu<sup>1</sup> eins og sjá má í töflu 8 á bls. 14 í töfluviðauka.

### Mynd 1. Útgjöld til fræðslumála sem hlutfall af landsframleiðslu 1980–2010

Figure 1. Education expenditures as per cent of GDP 1980–2010



Af heildarútgjöldum til fræðslumála á árinu 2010 voru útgjöld hins opinbera 116,7 milljarðar króna og einkaaðila 11,5 milljarður króna. Á þremur áratugum hafa útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks aukist úr 4,4% af landsframleiðslu í 7,6%. Á sama tíma hafa útgjöld heimila nærri fjórfaldast eða farið úr 0,2% af landsframleiðslu í 0,8%, hæst fór þetta hlutfall í 0,9% árið 2003. Hluttur heimila í heildarútgjöldum til fræðslumála hefur aukist úr 4,4% af landsframleiðslu árið 1980 í 9,0% árið 2010. Þegar horft er til útgjalda til fræðslumála sést að hluttur heimilanna í heildarútgjöldum til málaflokksins náði hámarki árið 2003 þegar hann varð 10,6%. Frá 2003 til og með 2008 lækkaði þetta hlutfall stöðugt milli ára en árið 2009 fór hluttur heimilanna í heildarútgjöldunum að hækka á ný. Þá hafa útgjöld hins opinbera til fræðslumála vaxið úr 13,2% af heildarútgjöldum þess árið 1980 í 15,7% árið 2010. Hæst var þetta hlutfall árið 2006 eða 19,6%.

... og að raunvirði hafa þau ríflega þrefaldast

Til að meta vöxt útgjalda til fræðslumála að raungildi frá 1980 er nærtækast að staðvirða fræðsluútgjöld hins opinbera með verðvísitölu samneyslu og útgjöld einkaaðila með verðvísitölu fræðsluútgjalda í einkaneyslu. Í byrjun níunda áratugarins voru fræðsluútgjöld, reiknuð á verðlagi ársins 2010, 39,1 milljarðar króna en 128,2 milljarðar árið 2010. Fræðsluútgjöld hafa því ríflega þrefaldast að raungildi á þessu tímabili.<sup>2</sup> Í byrjun níunda áratugarins voru fræðsluútgjöld á mann um 171,5 þúsund krónur á verðlagi 2010 en um 403 þúsund krónur árið 2010. Þau hafa því ríflega tvöfaldast á síðastu þremur áratugum. Á rúmum áratug hafa útgjöld til fræðslumála breyst úr um 335 þúsund krónum á mann árið 1998 og fóru í 403


<sup>1</sup> Í þessu samhengi verður að hafa í huga að hagvöxtur var lítill á árunum 2002 og 2003 en jókst hins vegar verulega á árunum 2004–2007 eða um ríflega 25%. Hagvöxtur var lítill árið 2010 og dróst saman á árunum 2009 og 2010.

<sup>2</sup> Sjá mynd 2 og töflu 18 í töfluviðauka á bls. 24.

þúsund krónur á mann árið 2010 á sama verðlagi. Stöðugur vöxtur varð í útgjöldum á mann frá 1998 til ársins 2008 þegar þau námu 435 þúsund krónum, eftir það fór að draga úr þeim og árið 2010 námu þau 403 þúsund krónum á mann.

## Mynd 2. Heildarútgjöld til fræðslumála á verðlagi ársins 2010

Figure 2. Education expenditure at 2010 prices



## 2. Heildarútgjöld til fræðslumála eftir skólastigum

Tæplega 43% útgjalda til fræðslumála renna til grunnskólastigs

Útgjöldum til fræðslumála má skipta eftir skólastigum í samræmi við alþjóðastaðla eins og gert er í töflum 8–12 í töfluviðauka (bls. 14–18). Við þá greiningu er farið eftir COFOG-flokkun<sup>1</sup> á opinberum útgjöldum en COICOP-flokkun<sup>2</sup> við greiningu á útgjöldum einkaaðila til fræðslumála.

### Tafla 1. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2010

Tafla 1. Total expenditure on education 1998–2010<sup>1</sup>

Hlutfall af VLF	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
<b>Fræðsluútgjöld alls</b>	<b>7,14</b>	<b>7,38</b>	<b>8,44</b>	<b>8,44</b>	<b>8,32</b>	<b>8,43</b>	<b>8,36</b>	<b>8,13</b>	<b>8,26</b>	<b>8,55</b>	<b>8,34</b>
Leikskólastig	0,67	0,74	0,79	0,81	0,76	0,79	0,89	0,92	0,98	1,02	0,96
Grunnskólastig	3,29	3,50	4,02	3,83	3,78	3,87	3,80	3,66	3,66	3,70	3,56
Framhaldsskólastig	1,47	1,33	1,58	1,64	1,62	1,55	1,56	1,45	1,45	1,53	1,45
Háskólastig	1,21	1,29	1,48	1,52	1,50	1,57	1,47	1,50	1,59	1,70	1,74
Fræðslumál, ót. a.s.	0,51	0,53	0,57	0,63	0,65	0,65	0,65	0,59	0,58	0,60	0,63

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 27.

<sup>1</sup> COFOG stendur fyrir Classification of Functions of Government og er flokkunarkerfi fyrir útgjöld hins opinbera eftir viðfangsefnum. Sameinuðu þjóðirnar gefa staðalinn út en hann er notaður af alþjóðastofnunum, svo sem OECD, IMF, Eurostat og flestum hagstofum. Sjá [www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun](http://www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun).

<sup>2</sup> COICOP stendur fyrir Classification of Individual Consumption According to Purpose og er flokkun á einkaneysluútgjöldum. Sameinuðu þjóðirnar gefa staðalinn út en hann er notaður af alþjóðastofnunum, svo sem OECD, IMF, Eurostat og flestum hagstofum. Sjá [www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun](http://www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun).

Fram kemur að 11,5% útgjaldanna árið 2010 renna til leikskóla<sup>1</sup> og um 42,7% til grunnskóla (þ.e. 29,8% þeirra til barnaskólastigs og 12,9% til unglíngastigs).<sup>2</sup> 17,3% renna til framhaldsskóla og 20,9% til háskóla. Afgangurinn, 7,6%, rennur til annarra þátta svo sem stjórnsýslu, stoðþjónustu í skólastarfi, menntunar sem er óflokkuð á skólastig og fræðslumála sem eru ótalin annars staðar.

**Tafla 2. Hlutdeild skólastiga í heildarútgjöldum 1998–2010**

Table 2. Expenditure on education 1998–2010, percentage breakdown by level<sup>1</sup>

	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
<b>Fræðslumál alls</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Leikskólastig	9,33	9,97	9,40	9,65	9,20	9,37	10,62	11,35	11,85	11,92	11,50
Grunnskólastig	46,01	47,34	47,60	45,42	45,45	45,87	45,47	45,06	44,33	43,29	42,74
Framhaldsskólastig	20,65	18,01	18,72	19,38	19,48	18,40	18,61	17,88	17,58	17,91	17,34
Háskólastig	17,99	17,53	17,57	18,05	18,05	18,62	17,57	18,40	19,19	19,85	20,85
Fræðslumál, ót.a.s.	7,09	7,15	6,71	7,51	7,82	7,74	7,72	7,31	7,04	7,02	7,58

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 27.

*Raunvöxtur útgjalda til fræðslumála á síðasta áratug nemur ríflega 20% á mann*

Síðasta áratug hefur verið mikill vöxtur í útgjöldum til fræðslumála, þau hafa vaxið úr 335 þúsund krónum á mann árið 1998 í 403 þúsund krónur árið 2010 á verðlagi 2010 og nemur raunvöxturinn á mann um 20,4%. Mestur hafa útgjöldin vaxið á leikskólastiginu, þar sem þau jukust að raunvirði um 53,9% á tímabilinu eða úr 30 þúsund krónum á hvern landsmann 1998 á verðlagi ársins 2010 í 46 þúsund krónur 2010. Alls var kostnaður vegna þessarar þjónustu leikskólastigsins tæplega 15 milljarðar króna árið 2010.

**Tafla 3. Fræðsluútgjöld á mann á verðlagi ársins 2010**

Table 3. Expenditure on education per capita at 2010 prices<sup>1</sup>

Þúsundir króna	1998	2000	2002	2004	2006	2008	2009	2010
<b>Fræðslumál alls</b>	<b>334,8</b>	<b>346,4</b>	<b>393,7</b>	<b>400,2</b>	<b>426,5</b>	<b>435,0</b>	<b>416,2</b>	<b>403,2</b>
Leikskólastig	30,1	33,5	35,7	35,2	43,8	51,0	49,6	46,4
Grunnskólastig	155,8	165,6	189,3	184,3	196,6	193,8	180,2	172,2
Framhaldsskólastig	69,2	62,4	73,7	78,0	79,3	73,5	74,5	69,9
Háskólastig	56,8	60,9	69,4	72,5	75,2	86,6	82,7	84,0
Fræðslumál, ót. a.s.	22,8	24,0	25,5	30,1	31,6	30,1	29,2	30,5

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 27.

*Til grunnskóla fóru 55 milljarðar króna árið 2010 og 22 milljarðar til framhaldsskóla*

Til grunnskóla<sup>3</sup> runnu um 55 milljarðar króna árið 2010 eða 172 þúsund krónur á mann. Samsvarandi fjárhæðir 1998 voru 42,7 milljarðar króna á verðlagi 2010 eða 156 þúsund krónur á mann. Raunaukning á mann nemur því 10,6% á tímabilinu. Til framhaldsskóla runnu 22,2 milljarðar króna 2010 eða 69,9 þúsund krónur á mann. Árið 1998 voru samsvarandi fjárhæðir tæplega 18,9 milljarðar króna eða

<sup>1</sup> Leikskólþjónusta skiptist samkvæmt COFOG í fræðsluþjónustu og velferðarþjónustu. Þjónusta við yngstu börnin (u.þ.b. 45% kostnaðar) tilheyrir almannatryggingum og velferðarmálum en þjónusta við eldri börn (u.þ.b. 55% kostnaðar) tilheyrir fræðslumálum.

<sup>2</sup> Forsendan við skiptingu á kostnaði í barnaskóla- og unglíngastig er að kostnaður við hvern árgang grunnskólastigsins sé sá sami.


<sup>3</sup> Til barnaskólastigsins runnu um 38,2 milljarðar árið 2010 en það samsvarar um 120 þúsund krónum á mann. Til samanburðar voru útgjöldin tæplega 112 þúsund krónur á mann 1998 á verðlagi 2010 og raunhækkunin því um 7,4% þennan rúma áratug. Útgjöld til unglíngastigsins voru um 16,6 milljarðar króna 2010 eða 52,2 þúsund krónur á mann en árið 1998 var samsvarandi ráðstöfun á mann 44,2 þúsund krónur og er raunhækkunin því um 18% á tímabilinu.

69,2 þúsund krónur á mann á verðlagi 2010. Útgjöld á mann á þessu skólastigi hafa því hækkað að raungildi um 1,0% á tímabilinu.

Útgjöld til háskólastigsins námu um 26,7 milljörðum króna 2010 eða um 84 þúsund krónur á hvern landsmann. Til samanburðar var kostnaðurinn árið 1998 16,7 milljarðar króna á verðlagi ársins 2010 eða 56,8 þúsund krónur á mann. Raunhækkunin í fræðsluþjónustu á þessu stigi er því veruleg eða um 47,9% á mann á tímabilinu. Til annarrar fræðslustarfsemi runnu samanlagt um 9,7 milljarðar króna. Það samsvarar um 30,5 þúsund krónum á mann. Árið 1998 var ráðstafað um 22,8 þúsund krónum á mann til annarrar fræðslustarfsemi á verðlagi 2010 og er raunhækkunin því um 33,8% á þessu tímabili.

### Mynd 3. Útgjöld til fræðslumála á mann á verðlagi 2010

Figure 3. Education expenditure per capita at 2010 prices



### 3. Opinber útgjöld til fræðslumála 1998–2010

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 7,6% af landsframleiðslu 2010

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála má flokka eftir skólastigum í samræmi við COFOG-flokkun eins og gert er í töflunni<sup>1</sup> hér að neðan. Meginniðurstaðan er að fræðsluútgjöld hins opinbera námu 116,7 milljörðum króna en það svarar til 7,6% af landsframleiðslu ársins 2010. Af þeim runnu 9,6% til leikskóla, 46,4% til grunnskóla, 17,3% til framhaldsskóla, 21,5% til háskóla og 5,5% til annarra þátta eins og stjórnssýslu, stoðþjónustu í skólastarfi og fræðslumál ótalin annarsstaðar.


Opinber útgjöld til háskóla námu 25,1 milljörðum króna 2010 eða um 1,63% af landsframleiðslu

Útgjöld hins opinbera til fræðsluhluta leikskóla námu 11,2 milljörðum króna 2010 eða 0,73% af landsframleiðslu. Hlutfallið hefur hækkað verulega síðasta rúma áratug en það var 0,43% af landsframleiðslu 1998. Hið opinbera ráðstafaði 54,2 milljörðum króna til grunnskóla 2010 eða 3,53% af landsframleiðslu en þetta hlutfall hefur hækkað frá árinu 1998 þegar það var 3,25%. Útgjöld hins opinbera til framhaldsskólans voru um 20,0 milljarðar króna 2010 eða 1,30% af landsframleiðslu. Til háskólastigsins fóru 25,1 milljarðar króna eða 1,63% af landsframleiðslu. Þetta hlutfall var 1,12% árið 1998 og hefur því hækkað að raunvirði um 45,5% á þessu tímabili. Önnur útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 6,4 milljörðum króna 2010 eða 0,41% af landsframleiðslu og hefur það hlutfall hækkað úr 0,32% árið 1998.

<sup>1</sup> Í þessari töflu er barnaskóla- og unglingastig tekið saman í grunnskólastig.

#### Mynd 4. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2010

Figure 4. Public expenditure on education 2010



Yfirlit sem sýnir útgjöld hins opinbera til fræðslumála er að finna í töflu 9 í töfluvíðauka. Tafla 10 sýnir fræðsluútgjöld ríkissjóðs til málaflokksins og tafla 11 útgjöld sveitarfélaganna.

#### Tafla 4. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 1998–2010

Table 4. General government expenditure on education 1998–2010<sup>1</sup>

	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
<b>Fræðslumál alls</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,00</b>	<b>100,00</b>	<b>100,00</b>
Leikskólastig	6,62	7,04	6,49	6,59	6,31	6,68	8,19	9,11	9,92	10,06	9,56
Grunnskólastig	50,35	51,75	52,02	50,14	49,97	50,32	49,77	49,22	48,01	46,89	46,41
Framhaldsskólastig	20,73	17,94	18,79	19,51	19,57	18,36	18,49	17,64	16,60	17,67	17,11
Háskólastig	17,38	18,09	18,07	18,58	18,54	19,13	17,98	18,88	20,44	20,41	21,46
Fræðslum., ót.a.st.	4,91	5,18	4,63	5,18	5,60	5,52	5,58	5,14	5,04	4,97	5,45

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 27.

Hlutdeild sveitarfélaga í fræðsluútgjöldum hefur verið tiltölulega stöðug síðastliðinn rúman áratug eða á bilinu 63,4–66,4% eins og fram kemur í töflu 5.

#### Tafla 5. Fræðsluútgjöld ríkis og sveitarfélaga 1998–2010

Table 5. Central and local government expenditure on education 1998–2010<sup>1</sup>

Hlutfallsleg skipting	1998	2000	2002	2004	2006	2008	2009	2010
Ríkissjóður	36,6	34,8	35,3	36,4	33,6	34,1	34,8	34,1
Sveitarfélög	63,4	65,2	64,7	63,6	66,4	65,9	65,2	65,9

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 27.


#### 4. Útgjöld einkaaðila til fræðslumála 1998–2010

Útgjöld heimilanna til fræðslumála námu um 11,5 milljörðum króna 2010 eða um 0,8% af landsframleiðslu

Útgjöld einkaaðila til fræðslumála má flokka á skólastig eins og gert er í töflu 12 í töfluviðauka (bls. 18). Einkaaðilar ráðstöfuðu um 11,5 milljörðum króna til fræðsluþjónustu 2010. Þar af runnu 3,6 milljarðar króna til leikskóla eða um þriðjungur útgjaldanna og um 0,6 milljarður króna til grunnskóla eða 5,2% útgjaldanna. Til framhaldsskóla runnu 2,3 milljarðar króna eða um 19,8% útgjaldanna. Til háskólanna runnu 1,7 milljarðar króna eða 14,6% útgjaldanna. Alls var um 3,4 milljörðum króna var ráðstafað til annarra fræðslumála eða 29,2% af útgjöldum einkaaðila (sjá einnig mynd 5).

#### Mynd 5. Útgjöld einkaaðila til fræðslumála 2010

Figure 5. Private expenditure on education 2010



Frá árinu 1998 hafa útgjöld einkaaðila til fræðslumála aukist úr 0,7% í 0,8% af landsframleiðslu. Árið 1998 námu heildarútgjöld einkaaðila til fræðslumála 28,5 þúsund krónum á mann á verðlagi ársins 2010 en árið 2010 voru þau orðin 36,1 þúsund krónur. Á þennan mælikvarða hafa útgjöldin aukist um tæplega 27%. Sem hlutfall af landsframleiðslu er aukningin mest á háskólastiginu eða ríflega 25% milli árana 1998 og 2010. Þó hefur dregið úr útgjöldum þessa skólastigs sem hlutfall af landsframleiðslu frá árinu 2005. Útgjöld einkaaðila til grunnskóla sem hlutfall af landsframleiðslu hafa aukist um 0,6% á tímabilinu og útgjöld til framhaldsskólans um 7,2%.

#### 5. Kostnaður á nemanda á tímabilinu 1998–2010

Raunkostnaður á nemanda hefur hækkað um 11,9% síðasta áratug


Heildarútgjöld á hvern nemanda í skólum jukust síðasta rúma áratug úr 1.165 þúsund krónum árið 1998 á verðlagi ársins 2010 í 1.304 þúsund krónur árið 2010 eða um 11,9% að raungildi. Mest er hækkunin á leikskólastiginu eða um 35%, grunnskólastigið kemur næst á eftir með 27% hækkun.

**Tafla 6. Fræðslukostnaður á nemanda 1998–2010**Table 6. *Expenditure on education per capita 1998–2010<sup>1</sup>*

Púsundir króna	1998	2000	2002	2004	2006	2008	2009	2010
<b>Miðað við samneynsluvísitölu, á föstu verði 2010</b>								
<b>Kostnaður á nemanda alls</b>	<b>1.165</b>	<b>1.201</b>	<b>1.319</b>	<b>1.295</b>	<b>1.403</b>	<b>1.445</b>	<b>1.359</b>	<b>1.304</b>
Leikskólastig	1.053	1.216	1.234	1.189	1.497	1.686	1.560	1.425
Grunnskólastig	1.008	1.077	1.229	1.209	1.358	1.418	1.330	1.281
Framhaldsskólastig	934	871	1.018	1.044	1.031	971	919	860
Háskólastig	1.838	1.687	1.582	1.363	1.389	1.500	1.427	1.380

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 27.

Á framhaldsskólastiginu drógust útgjöld á hvern nemanda saman um 7,9% að raungildi á þessu tímabili á sama tíma og nemendum fjölgaði um 25,8%.<sup>1</sup> Á háskólastiginu lækkuðu útgjöldin hins vegar um tæplega 25% að raungildi á nemanda á sama tíma og fjöldun nemenda var um 126,7% á sama tíma (sjá töflu 16 í töfluvíðauka á bls. 22). Útgjöld á nemanda á tímabilinu 1998–2010 eru sýnd í mynd 6 á föstu verðlagi ársins 2010.

**Mynd 6. Útgjöld á nemanda á föstu verði eftir skólastigum 1998–2010**Figure 6. *Expenditure per student per level, constant prices, 1998–2010*

Launakostnaður hefur aukist um 17,2% að raungildi

Að meðaltali var launakostnaður hins opinbera um 4,6 milljónir króna á starfsmann árið 2010 sem er aðeins lægri fjárhæð en árið 1998, þegar hann nam 4,9 milljónum króna á verðlagi ársins 2010. Hæsta greiðslan á starfsmann er á grunnskólastigi eða 5,1 milljónir króna 2010. Sú lægsta var í leikskólum 2,7 milljónir króna á sama ári. Á tímabilinu 1998–2010 hefur launakostnaður aukist úr 63,5 milljörðum króna í 74,5 milljarða króna eða um 17,2% að raungildi á verðlagi í lok tímabilsins þegar miðað er við launavísitölu opinberra starfsmanna. Launakostnaður hækkaði um

<sup>1</sup> Á tímabilinu hafa nokkrir skólar færst á milli skólastiga. Samvinnuháskólinn varð að sérskóla á háskólastigi árið 1988 upp úr Samvinnuskólanum sem hafði verið á framhaldsskólastigi. Háskólinn í Reykjavík varð til úr Tölvuskóla Verslunarskóla Íslands árið 1998. Tækniháskóli Íslands rann inn í Háskólann í Reykjavík 2004 en hann komst á háskólastig árið 2002 þegar Tækniskóli Íslands var færður yfir á það stig. Landbúnaðarháskóli á Hvanneyri var formlega stofnaður 1998 en í byrjun árs 2005 runnu saman við hann Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskóli ríkisins og úr varð Landbúnaðarháskóli Íslands. Stofnskrá Listaháskóla Íslands var undirrituð þann í september 1998 og rann Myndlista- og handíðaskóli Íslands sem hafði verið á framhaldsskólastigi inn í hann, Leiklistarskóli Íslands sem einnig hafði verið á framhaldsskólastigi sameinaðist Listaháskólanum ári síðar. Þá hófst tónlistarmenntun á vegum Listaháskólans í ágúst 2001. Hólaskóli fluttist yfir á háskólastigið með yfirlýsingu ráðherra í mars 2007 og var nefndur Háskólinn á Hólum.



51,6% á leikskólastiginu og 20,8% á grunnskólastiginu. Launakostnaður á framhaldsskólastiginu var 11,6 milljarðar króna 2010. Hann hafði lækkað úr 10,4 milljónum króna að raungildi á tímabilinu eða um tæplega 11%. Launakostnaður á háskólastiginu var 12,4 milljarðar króna og hafði hann aukist úr 10,4 milljónum króna að raungildi á tímabilinu eða um 19,0%.

**Tafla 7. Launakostnaður hins opinbera á starfsmann í skólum 1998–2010**

Table 7. General government salary cost per employee in schools 1998–2010<sup>1</sup>

Þúsundir króna	1998	2000	2002	2004	2006	2008	2009	2010
<b>Staðvirt á verðlagi 2010<sup>2</sup></b>								
<b>Öll skólastig</b>	<b>4.851</b>	<b>4.666</b>	<b>4.722</b>	<b>4.766</b>	<b>4.974</b>	<b>4.836</b>	<b>4.620</b>	<b>4.556</b>
Leikskólastig	2.493	2.721	2.527	2.538	3.014	2.955	2.919	2.748
Grunnskólastig	4.926	5.148	5.040	5.060	5.411	5.294	5.138	5.134
Framhaldsskólastig	5.999	4.659	5.810	5.690	5.578	5.168	4.661	4.450
Háskólastig	4.767	4.077	4.217	4.639	4.267	4.223	4.060	3.971

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 27.

<sup>2</sup> Staðvirt með launavísitölu opinberra starfsmanna.

## 6. Útgjöld til fræðslumála samkvæmt UOE staðli

*Upplýsingar eru samræmdar og flokkaðar á samræmi við UOE töflur sem skilað er til alþjóðlegra stofnana*

Í samstarfi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) hefur alþjóðlegt flokkunarkerfi (UOE)<sup>1</sup> um fræðslumál verið skilgreint. Flokkunin snýr bæði að tölfræðilegum upplýsingum um skólastarf (nemenda- og starfsmanna-fjölda) og fjárhagslegum upplýsingum.

Greint er frá fjárhagslegum upplýsingum um fræðslumál á tvennan hátt. Annars vegar er sýnt hver fjármagnar fræðsluútgjöldin og hvort um bein útgjöld sé að ræða eða tilfærslur milli fjármögnunaraðila. Fræðsluútgjöldum í töflum 8–12 í töfluviðauka er skipt með þeim hætti. Hins vegar eru fræðsluútgjöldin sýnd með hagrænum hætti, þ.e. launkostnað, annan rekstrarkostnað og fjárfestingu. Fræðsluútgjöldum er skipt þannig í töflum 13–15 í töfluviðauka ritsins.

Í umræddu flokkunarkerfi eru skólastigin sjö eins og í alþjóðlega flokkunarkerfinu fyrir menntun, ISCED-97. Skólastigin í UOE-töflunum eru:

1. Leikskólastigið (ISC 0) (*e. pre-primary*)
2. Barnaskólastigið (ISC 1) (*e. primary*)
3. Unglingastigið (ISC 2) (*e. lower secondary*)
4. Framhaldsskólastigið (ISC 3) (*e. upper secondary*)
5. Viðbótarstig, sem ekki er á háskólastigi (ISC 5) (*e. non-university tertiary*)
6. Háskólastigið (ISC 6–7) (*e. university level tertiary*)
7. Útgjöld sem tilheyrir ekki ákveðnu háskólastigi (*e. not allocated by level*)

Til samræmis við flokkun skólastiganna hér á landi eru niðurstöður sem varða barnaskólastigið og unglingastigið víða dregnar saman í þessu riti og mynda grunn-skólastigið.

### Fræðsluútgjöld eftir fjármögnun


*Opinberir aðilar fjármagna rúmlega níu tíundu hluta fræðsluútgjalda hér á landi*

Í töflum 8–12 í töfluviðauka (bls. 14–18) er að finna upplýsingar um útgjöld til fræðslumála á árunum 1998–2010. Hið opinbera fjármagnar 91% útgjaldanna 2010 og einkaaðilar 9% (þ.m.t. stofnanir háðar ríkisstyrkjum). Stærsti hluti útgjaldanna fellur á sveitarfélögin eða 57%.

<sup>1</sup> UOE-heitið er dregið af fyrsta staf í heiti þessara stofnana.

### Mynd 7. Fjármögnun fræðslukerfisins 1998–2010

Figure 7. Education expenditure financing 1998–2010




Fjárfesting nam um 6,2% af heildarútgjöldum til fræðslumála árið 2010

Fjárfestingarútgjöld til fræðslumála eru að stærstum hluta hjá hinu opinbera. Í töflu 13 í töfluviðauka má sjá að heildarfjárfestingin nam um 7,2 milljörðum króna árið 2010. Það eru um 6,2% af 116,7 milljarða króna heildarútgjöldum til málaflokksins það ár. Þar af nam fjárfesting sveitarfélaga 5,6 milljónum króna eða 4,8% og fjárfesting ríkissjóðs nam um 1,7 milljónum króna á sama tíma eða um 1,4% af heildarútgjöldum til fræðslumála.

### Mynd 8. Fjárfesting í fræðslukerfinu 1998–2010

Figure 8. Capital expenditure in education 1998–2010



## Hagræn flokkun fræðsluútgjalda eftir greiðendum

Hagræn flokkun fræðsluútgjalda er sýnd í töflum 13–15 og 19 í töfluviðauka en hún sýnir skiptingu útgjalda í laun, kaup á vörum og þjónustu, tilfærslur og fjárfestingu.

*Hið opinbera ber 86,7% af launakostnaðinum og 81,4% af öðrum rekstrarkostnaði*

Hið opinbera bar 86,6% af 82,2 milljarða króna launakostnaði við fræðslukerfið árið 2010. Hlutur ríkisins var 24,5 milljarðar króna eða 29,8% og sveitarfélaga 46,6 milljarðar króna eða 56,8%. Þessu til viðbótar var launakostnaður greiddur af stofnunum sem háðar eru ríkisstyrkjum en þær báru 4,0% af honum. Einkaaðilar báru einnig hluta af kostnaðinum eða 9,3%. Hið opinbera bar 81,4% af öðrum rekstrarkostnaði við fræðslukerfið árið 2010, ríkið 29,8% og sveitarfélögin 51,6%. Heildarrekstrarkostnaður hins opinbera árið 2010 vegna fræðslumála nam 86,2%. Skipingin var þannig að 29,4% féllu á ríkissjóð og 56,8% á sveitarfélögin. Hluti ríkissjóðs í fjárfestingarútgjöldum til fræðslumála 2010 var 22,9% en sveitarfélaga 77,1%.<sup>1</sup>


## 7. Samanburður við önnur ríki

*Ísland var efst OECD-ríkja hvað varðar fræðsluútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu*

Heildarútgjöld til fræðslumála í ríkjum OECD voru að meðaltali 5,9% af landsframleiðslu ríkjanna árið 2008 en nýjustu samanburðartölur eru frá því ári. Mikill munur er á þessu hlutfalli milli einstakra ríkja. Hlutfallið hæst á Íslandi 7,9% af landsframleiðslu en lægst var það meðal OECD ríkjanna í Slóvakíu 4,0%. Í G20 ríkjum var þetta hlutfall lægst í Indónesíu og Kína eða 3,3% hjá þeim báðum. Sjá má útgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu hvers aðilarríkis OECD á mynd 9. Myndin sýnir meðaltal OECD ríkjanna og útgjöld Íslands samanborið við önnur ríki.

<sup>1</sup> Fjárfesting einkafyrirtækja í fræðsluþjónustu kemur inn sem afskriftir á fræðsluþjónustu í einkaneyslu heimila og samtaka.

**Mynd 9. Útgjöld OECD-ríkja til fræðslumála sem hlutfall af VLF 2008**  
 Figure 9. Education expenditure in OECD countries as percent of GDP in 2008



Heimild: Education at a Glance 2011: OECD Indicators - © OECD 2011.

### **English summary**

Total education expenditure in Iceland in 2010 amounted to 128.2 billion ISK or 8.3% of GDP. Thereof, general government expenditure was 116.7 billion ISK or 91.0% of the total and private expenditure 11.5 billion ISK or 9.0% of the total. The share of the education expenditure of total general government expenditure was 15.7%.

Of the total education expenditure in 2010, 11.5% was spent on education of the pre-primary level, 42.7% was allocated to the lower-secondary level and on the primary level, 17.3% to the upper-secondary level, and 20.9% to the university level. The remaining 7.6% was expenditure not allocated by level and the administration of education.

The total education expenditure in OECD countries was around 5.9% of GDP on average in 2008, but the share between countries varies greatly. This percentage was the highest 7.9% of GDP in Iceland in 2008, in the United States education expenditure reached 7.2% of GDP in the same year, but in the Slovak Republic it was lowest of the OECD-countries, 4.0% of GDP. If the G20 is considered the expenditure on education as a percentage of GDP was lowest in Indonesia and China 3.3% in 2008.

**Tafla 8. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2010**Table 8. Total expenditure on education 1998–2010<sup>1</sup>

	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
<b>Verðlag hvers árs, í milljónum króna</b>										
<b>Heildarútgjöld til fræðslumála</b>	<b>42.010</b>	<b>50.481</b>	<b>68.931</b>	<b>77.350</b>	<b>86.466</b>	<b>97.658</b>	<b>106.411</b>	<b>122.411</b>	<b>128.008</b>	<b>128.210</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	17.767	22.126	29.331	31.567	35.711	41.277	45.468	52.259	53.775	52.941
11 Leikskólastig	3.920	5.034	6.482	7.114	8.106	10.375	12.079	14.509	15.257	14.751
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	13.848	17.092	22.849	24.453	27.605	30.902	33.389	37.750	38.519	38.191
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	13.707	15.365	22.051	24.918	27.028	30.563	32.428	36.706	38.477	37.523
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	5.483	6.805	9.960	10.704	12.054	13.504	14.560	16.520	16.902	16.601
22 Framhaldsskólastig	8.677	9.091	12.905	15.071	15.910	18.176	19.026	21.521	22.931	22.227
4 Háskólastig	7.106	8.849	12.112	13.958	16.098	17.158	19.579	23.491	25.407	26.728
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	2.977	3.609	4.622	6.050	6.693	7.543	7.778	8.620	8.992	9.714
<b>Hlutfall af vergri landsframleiðslu</b>										
<b>Heildarútgjöld til fræðslumála</b>	<b>7,14</b>	<b>7,38</b>	<b>8,44</b>	<b>8,32</b>	<b>8,43</b>	<b>8,36</b>	<b>8,13</b>	<b>8,26</b>	<b>8,55</b>	<b>8,34</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	3,02	3,24	3,59	3,39	3,48	3,53	3,47	3,53	3,59	3,44
11 Leikskólastig	0,67	0,74	0,79	0,76	0,79	0,89	0,92	0,98	1,02	0,96
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	2,35	2,50	2,80	2,63	2,69	2,64	2,55	2,55	2,57	2,48
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	2,33	2,25	2,70	2,68	2,63	2,62	2,48	2,48	2,57	2,44
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	0,93	1,00	1,22	1,15	1,18	1,16	1,11	1,11	1,13	1,08
22 Framhaldsskólastig	1,47	1,33	1,58	1,62	1,55	1,56	1,45	1,45	1,53	1,45
4 Háskólastig	1,21	1,29	1,48	1,50	1,57	1,47	1,50	1,59	1,70	1,74
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	0,51	0,53	0,57	0,65	0,65	0,65	0,59	0,58	0,60	0,63
<b>Innbyrðis hlutdeild</b>										
<b>Heildarútgjöld til fræðslumála</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	42,29	43,83	42,55	40,81	41,30	42,27	42,73	42,69	42,01	41,29
11 Leikskólastig	9,33	9,97	9,40	9,20	9,37	10,62	11,35	11,85	11,92	11,50
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	32,96	33,86	33,15	31,61	31,93	31,64	31,38	30,84	30,09	29,79
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	32,63	30,44	31,99	32,21	31,26	31,30	30,47	29,99	30,06	29,27
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	13,05	13,48	14,45	13,84	13,94	13,83	13,68	13,50	13,20	12,95
22 Framhaldsskólastig	20,65	18,01	18,72	19,48	18,40	18,61	17,88	17,58	17,91	17,34
4 Háskólastig	16,92	17,53	17,57	18,05	18,62	17,57	18,40	19,19	19,85	20,85
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	7,09	7,15	6,71	7,82	7,74	7,72	7,31	7,04	7,02	7,58
<b>Útgjöld á mann, þúsundir króna</b>										
<b>Staðvirt á verðlagi samneyslu 2010</b>										
<b>Heildarútgjöld til fræðslumála</b>	<b>334,8</b>	<b>346,4</b>	<b>393,7</b>	<b>400,2</b>	<b>421,8</b>	<b>426,5</b>	<b>426,9</b>	<b>435,0</b>	<b>416,2</b>	<b>403,2</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	141,8	151,9	167,6	163,5	174,5	180,6	182,8	185,9	174,8	166,5
11 Leikskólastig	30,1	33,5	35,7	35,2	37,9	43,8	47,3	51,0	49,6	46,4
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	111,6	118,4	131,9	128,2	136,6	136,8	135,5	134,9	125,3	120,1
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	112,9	108,8	129,8	133,4	136,5	138,3	134,6	131,6	128,7	121,4
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	44,2	47,1	57,5	56,1	59,6	59,8	59,1	59,0	54,9	52,2
22 Framhaldsskólastig	69,2	62,4	73,7	78,0	77,6	79,3	76,2	73,5	74,5	69,9
4 Háskólastig	56,8	60,9	69,4	72,5	78,9	75,2	78,8	86,6	82,7	84,0
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	22,8	24,0	25,5	30,1	31,3	31,6	30,0	30,1	29,2	30,5

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 27.

**Tafla 9. Fræðsluútgjöld hins opinbera 1998–2010**Table 9. *General government expenditure on education 1998–2010<sup>1</sup>*

	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
<b>Verðlag hvers árs, í milljónum króna</b>										
<b>Opinber fræðsluútgjöld alls<sup>2</sup></b>	<b>37.943</b>	<b>45.635</b>	<b>62.341</b>	<b>69.494</b>	<b>77.892</b>	<b>88.193</b>	<b>96.314</b>	<b>111.846</b>	<b>116.935</b>	<b>116.730</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	16.204	20.104	26.621	28.538	32.484	37.772	41.798	48.461	49.897	48.956
11 Leikskólastig	2.513	3.214	4.044	4.388	5.202	7.220	8.777	11.091	11.766	11.164
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	13.692	16.890	22.577	24.150	27.282	30.552	33.022	37.370	38.131	37.792
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	13.279	14.915	21.569	24.178	26.210	29.646	31.375	34.886	37.358	36.362
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	5.412	6.726	9.855	10.576	11.913	13.340	14.382	16.324	16.697	16.387
22 Framhaldsskólastig	7.867	8.189	11.714	13.602	14.297	16.305	16.993	18.562	20.661	19.975
4 Háskólastig	6.595	8.255	11.263	12.885	14.901	15.855	18.186	22.857	23.872	25.055
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	1.864	2.362	2.888	3.894	4.297	4.920	4.955	5.641	5.809	6.358
<b>Hlutfall af vergri landsframleiðslu</b>										
<b>Opinber fræðsluútgjöld alls<sup>2</sup></b>	<b>6,45</b>	<b>6,67</b>	<b>7,64</b>	<b>7,47</b>	<b>7,59</b>	<b>7,55</b>	<b>7,36</b>	<b>7,55</b>	<b>7,81</b>	<b>7,59</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	2,75	2,94	3,26	3,07	3,17	3,23	3,19	3,27	3,33	3,18
11 Leikskólastig	0,43	0,47	0,50	0,47	0,51	0,62	0,67	0,75	0,79	0,73
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	2,33	2,47	2,77	2,60	2,66	2,61	2,52	2,52	2,55	2,46
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	2,26	2,18	2,64	2,60	2,56	2,54	2,40	2,35	2,49	2,37
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	0,92	0,98	1,21	1,14	1,16	1,14	1,10	1,10	1,11	1,07
22 Framhaldsskólastig	1,34	1,20	1,43	1,46	1,39	1,40	1,30	1,25	1,38	1,30
4 Háskólastig	1,12	1,21	1,38	1,39	1,45	1,36	1,39	1,54	1,59	1,63
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	0,32	0,35	0,35	0,42	0,42	0,42	0,38	0,38	0,39	0,41
<b>Innbyrðis hlutdeild</b>										
<b>Opinber fræðsluútgjöld alls<sup>2</sup></b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	42,71	44,05	42,70	41,07	41,70	42,83	43,40	43,33	42,67	41,94
11 Leikskólastig	6,62	7,04	6,49	6,31	6,68	8,19	9,11	9,92	10,06	9,56
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	36,08	37,01	36,22	34,75	35,03	34,64	34,29	33,41	32,61	32,38
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	35,00	32,68	34,60	34,79	33,65	33,61	32,58	31,19	31,95	31,15
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	14,26	14,74	15,81	15,22	15,29	15,13	14,93	14,60	14,28	14,04
22 Framhaldsskólastig	20,73	17,94	18,79	19,57	18,36	18,49	17,64	16,60	17,67	17,11
4 Háskólastig	17,38	18,09	18,07	18,54	19,13	17,98	18,88	20,44	20,41	21,46
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	4,91	5,18	4,63	5,60	5,52	5,58	5,14	5,04	4,97	5,45
<b>Útgöld á mann, þúsundir króna</b>										
<b>Staðvirt á verðlagi samneyslu 2010</b>										
<b>Opinber fræðsluútgjöld alls<sup>2</sup></b>	<b>306,3</b>	<b>316,6</b>	<b>360,3</b>	<b>365,1</b>	<b>386,2</b>	<b>391,2</b>	<b>391,5</b>	<b>399,8</b>	<b>380,3</b>	<b>367,1</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	130,8	139,5	153,9	149,9	161,0	167,6	169,9	173,2	162,3	153,9
11 Leikskólastig	20,3	22,3	23,4	23,0	25,8	32,0	35,7	39,6	38,3	35,1
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	110,5	117,2	130,5	126,9	135,3	135,5	134,2	133,6	124,0	118,8
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	107,2	103,5	124,7	127,0	129,9	131,5	127,5	124,7	121,5	114,3
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	43,7	46,7	57,0	55,6	59,1	59,2	58,5	58,4	54,3	51,5
22 Framhaldsskólastig	63,5	56,8	67,7	71,5	70,9	72,3	69,1	66,4	67,2	62,8
4 Háskólastig	53,2	57,3	65,1	67,7	73,9	70,3	73,9	81,7	77,6	78,8
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	15,0	16,4	16,7	20,5	21,3	21,8	20,1	20,2	18,9	20,0

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 27.<sup>2</sup> Kaup heimila á fræðsluþjónustu frá hinu opinbera hafa verið dregin frá. *The households purchase of public education is excluded.*



**Tafla 10. Fræðsluútgjöld ríkissjóðs 1998–2010**Table 10. Central government expenditure on education 1998–2010<sup>1</sup>

	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
<b>Verðlag hvers árs, í milljónum króna</b>										
<b>Fræðsluútgjöld ríkissjóðs<sup>2</sup></b>	<b>15.505</b>	<b>17.836</b>	<b>24.493</b>	<b>28.287</b>	<b>31.162</b>	<b>34.591</b>	<b>37.602</b>	<b>44.177</b>	<b>47.427</b>	<b>49.464</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	464	489	345	383	430	456	422	437	480	499
11 Leikskólastig	3	2	3	3	2	3	4	6	3	3
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	461	487	342	380	428	452	418	430	477	495
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	7.610	7.914	11.376	13.183	13.630	15.934	16.196	18.637	19.901	20.029
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	198	209	147	163	183	194	179	184	250	258
22 Framhaldsskólastig	7.412	7.705	11.229	13.020	13.447	15.740	16.017	18.453	19.651	19.771
4 Háskólastig	6.606	8.260	11.283	12.914	15.132	16.137	18.611	22.071	23.886	25.708
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	825	1.172	1.489	1.807	1.970	2.064	2.373	3.032	3.160	3.228
<b>Hlutfall af vergri landsframleiðslu</b>										
<b>Fræðsluútgjöld ríkissjóðs<sup>2</sup></b>	<b>2,64</b>	<b>2,61</b>	<b>3,00</b>	<b>3,04</b>	<b>3,04</b>	<b>2,96</b>	<b>2,87</b>	<b>2,98</b>	<b>3,17</b>	<b>3,22</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	0,08	0,07	0,04	0,04	0,04	0,04	0,03	0,03	0,03	0,03
11 Leikskólastig	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	0,08	0,07	0,04	0,04	0,04	0,04	0,03	0,03	0,03	0,03
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	1,29	1,16	1,39	1,42	1,33	1,36	1,24	1,26	1,33	1,30
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02	0,02	0,01	0,01	0,02	0,02
22 Framhaldsskólastig	1,26	1,13	1,38	1,40	1,31	1,35	1,22	1,25	1,31	1,29
4 Háskólastig	1,12	1,21	1,38	1,39	1,48	1,38	1,42	1,49	1,59	1,67
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	0,14	0,17	0,18	0,19	0,19	0,18	0,18	0,20	0,21	0,21
<b>Innbyrðis hlutdeild</b>										
<b>Fræðsluútgjöld ríkissjóðs<sup>2</sup></b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	2,99	2,74	1,41	1,35	1,38	1,32	1,12	0,99	1,01	1,01
11 Leikskólastig	0,02	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	2,97	2,73	1,40	1,34	1,37	1,31	1,11	0,97	1,00	1,00
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	49,08	44,37	46,45	46,60	43,74	46,07	43,07	42,19	41,96	40,49
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	1,27	1,17	0,60	0,58	0,59	0,56	0,48	0,42	0,53	0,52
22 Framhaldsskólastig	47,81	43,20	45,85	46,03	43,15	45,50	42,60	41,77	41,43	39,97
4 Háskólastig	42,61	46,31	46,07	45,65	48,56	46,65	49,50	49,96	50,36	51,97
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	5,32	6,57	6,08	6,39	6,32	5,97	6,31	6,86	6,66	6,53
<b>Útgjöld á mann, þúsundir króna</b>										
<b>Staðvirt á verðlagi samneyslu 2010</b>										
<b>Fræðsluútgjöld ríkissjóðs<sup>2</sup></b>	<b>120,6</b>	<b>119,2</b>	<b>136,4</b>	<b>143,1</b>	<b>148,8</b>	<b>147,8</b>	<b>147,2</b>	<b>152,1</b>	<b>148,6</b>	<b>149,8</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	3,6	3,3	1,9	1,9	2,1	1,9	1,7	1,5	1,5	1,5
11 Leikskólastig	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	3,6	3,3	1,9	1,9	2,0	1,9	1,6	1,5	1,5	1,5
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	59,2	52,9	63,3	66,7	65,1	68,1	63,4	64,2	62,3	60,7
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	1,5	1,4	0,8	0,8	0,9	0,8	0,7	0,6	0,8	0,8
22 Framhaldsskólastig	57,6	51,5	62,5	65,9	64,2	67,3	62,7	63,5	61,6	59,9
4 Háskólastig	51,4	55,2	62,8	65,3	72,3	69,0	72,9	76,0	74,8	77,9
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	6,4	7,8	8,3	9,1	9,4	8,8	9,3	10,4	9,9	9,8

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 27.<sup>2</sup> Kaup heimila á fræðsluþjónustu frá ríkissjóði hafa verið dregin frá. *The households purchase of central government education is excluded.*

**Tafla 11. Fræðsluútgjöld sveitarfélaga 1998–2010**Table 11. Local government expenditure on education 1998–2010<sup>1</sup>

	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
<b>Verðlag hvers árs, í milljónum króna</b>										
<b>Fræðsluútgjöld sveitarfélaga<sup>2</sup></b>	<b>22.724</b>	<b>28.096</b>	<b>37.965</b>	<b>41.306</b>	<b>46.776</b>	<b>54.075</b>	<b>59.153</b>	<b>67.977</b>	<b>69.706</b>	<b>68.847</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	15.930	19.806	26.286	28.163	32.063	37.326	41.388	48.041	49.431	48.506
11 Leikskólastig	2.511	3.213	4.044	4.387	5.201	7.219	8.776	11.089	11.766	11.164
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	13.419	16.593	22.242	23.776	26.861	30.107	32.613	36.952	37.665	37.342
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	5.753	7.094	10.266	11.027	12.375	13.879	15.160	17.280	17.584	17.170
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	5.295	6.599	9.712	10.415	11.732	13.150	14.207	16.145	16.497	16.194
22 Framhaldsskólastig	458	495	554	612	642	729	953	1.135	1.087	976
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	1.040	1.196	1.413	2.116	2.339	2.870	2.605	2.656	2.691	3.171
<b>Hlutfall af vergri landsframleiðslu</b>										
<b>Fræðsluútgjöld sveitarfélaga<sup>2</sup></b>	<b>3,86</b>	<b>4,11</b>	<b>4,65</b>	<b>4,44</b>	<b>4,56</b>	<b>4,63</b>	<b>4,52</b>	<b>4,59</b>	<b>4,65</b>	<b>4,47</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	2,71	2,90	3,22	3,03	3,13	3,19	3,16	3,24	3,30	3,15
11 Leikskólastig	0,43	0,47	0,50	0,47	0,51	0,62	0,67	0,75	0,79	0,73
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	2,28	2,43	2,72	2,56	2,62	2,58	2,49	2,49	2,51	2,43
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	0,98	1,04	1,26	1,19	1,21	1,19	1,16	1,17	1,17	1,12
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	0,90	0,97	1,19	1,12	1,14	1,13	1,09	1,09	1,10	1,05
22 Framhaldsskólastig	0,08	0,07	0,07	0,07	0,06	0,06	0,07	0,08	0,07	0,06
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	0,18	0,17	0,17	0,23	0,23	0,25	0,20	0,18	0,18	0,21
<b>Innbyrðis hlutdeild</b>										
<b>Fræðsluútgjöld sveitarfélaga<sup>2</sup></b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	70,10	70,49	69,24	68,18	68,54	69,03	69,97	70,67	70,91	70,45
11 Leikskólastig	11,05	11,44	10,65	10,62	11,12	13,35	14,84	16,31	16,88	16,22
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	59,05	59,06	58,59	57,56	57,42	55,68	55,13	54,36	54,03	54,24
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	25,32	25,25	27,04	26,70	26,46	25,67	25,63	25,42	25,23	24,94
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	23,30	23,49	25,58	25,21	25,08	24,32	24,02	23,75	23,67	23,52
22 Framhaldsskólastig	2,02	1,76	1,46	1,48	1,37	1,35	1,61	1,67	1,56	1,42
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	4,58	4,26	3,72	5,12	5,00	5,31	4,40	3,91	3,86	4,61
<b>Útgjöld á mann, þúsundir króna</b>										
<b>Staðvirt á verðlagi samneyslu 2010</b>										
<b>Fræðsluútgjöld sveitarfélaga<sup>2</sup></b>	<b>176,7</b>	<b>187,8</b>	<b>211,4</b>	<b>209,0</b>	<b>223,4</b>	<b>231,1</b>	<b>231,6</b>	<b>234,1</b>	<b>218,3</b>	<b>216,5</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	123,9	132,4	146,3	142,5	153,1	159,5	162,0	165,4	154,8	152,5
11 Leikskólastig	19,5	21,5	22,5	22,2	24,8	30,8	34,4	38,2	36,9	35,1
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	104,3	110,9	123,8	120,3	128,3	128,6	127,7	127,2	118,0	117,4
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	44,7	47,4	57,2	55,8	59,1	59,3	59,4	59,5	55,1	54,0
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	41,2	44,1	54,1	52,7	56,0	56,2	55,6	55,6	51,7	50,9
22 Framhaldsskólastig	3,6	3,3	3,1	3,1	3,1	3,1	3,7	3,9	3,4	3,1
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	8,1	8,0	7,9	10,7	11,2	12,3	10,2	9,1	8,4	10,0

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 27.<sup>2</sup> Kaup heimila á fræðsluþjónustu frá sveitarfélaga hafa verið dregin frá. *The households purchase of local government education is excluded.*

**Tafla 12. Útgjöld einkaaðila til fræðslumála 1998–2010**Table 12. *Private expenditure on education 1998–2010<sup>1</sup>*

	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
<b>Verðlag hvers árs, í milljónum króna</b>										
